

| | | |
|--|--|--|
|  <p>FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM</p> | <h2>Rýmingaráætlun</h2> <h3>vegna</h3> <h3>Elds</h3> | |
|--|--|--|

Í skólanum eru nokkrir útgangar: Aðalinngangur á norðurhlið, útgangur vestast á neðstu hæð í vesturálmum, útgangur úr sal á vesturvegg, útgangur í vestur beint á móti nemendaaðstöðu, útgangur austast úr verknámsal. Neyðarútgangur er vestast (innst) úr öllum göngum vesturálmum, í risi er neyðarútgangur (fellingstigi) austast frá vinnustofu kennara, sami stigi er notaður austast frá bókasafni, neyðarútgangur (fellingstigi) er um glugga austast í kaffistofu kennara og á neðstu hæð eru neyðarútgangar um glugga í kennslustofum.

Leiðbeiningar um flóttaleiðir hanga uppi í öllum helstu rýmum skólans.

Ef nauðsynlegt er að yfirgefa skólann vegna elds skal fylgja eftirfarandi:

1. Kennarar/starfsmenn meta aðstæður í þeim rýmum sem þeir eru og taka ákvörðun um flóttaleið og ákveða hver fer fyrstur og hver síðastur til að hafa yfirsýn yfir hópinn þannig að enginn gleymist, hver kennari sér um að telja sinn hóp áður en farið er af stað og aftur eftir að komið er á söfnunarstað (kennari hefur með sér mætingarkladda ef mögulegt er)
2. Kennari/starfsmenn sjá um að gluggum og hurðum sé lokað þegar viðkomandi rými er yfirgefið. Gætið þess að enginn sé eftir inni í viðkomandi rými.
3. Húsvörður og þeir starfsmenn sem ekki eru við kennslu þá stundina sjá um rýmingu í sal, nemendaaðstöðu og snyrtingum.
4. Ef reykur er í flóttaleiðum beygið ykkur þá eða skriðið með gólfi.
5. Ef ekki er hægt að komast út úr viðkomandi rými gerið þá vart við ykkur t.d. með því að veifa flík út um glugga.
6. **Ekki hlaupa** niður stiga og notið **alls ekki lyftu** þegar yfirgefa þarf skólann.
7. Skiljið allt laust dót eftir (bækur, töskur, yfirhafnir o.þ.h.) inni í kennslustofum eða þar sem það er ekki í gangvegi eða fyrir flóttaleiðum.
8. **Söfnunarstaður er á malarvellingnum framan við skólann**, kennari fer yfir hópinn og athugar hvort allir hafi ekki skilað sér sem lögðu af stað, ef einhver vantar þarf að fá upplýsingar um hvar viðkomandi sást síðast og koma þeim upplýsingum til skólameistara/slökkviliðs. sem hefur yfirumsjón með aðgerðum.
9. Hafi einhver slasast, orðið fyrir meiðslum eða andlegu áfalli skal þegar hlúð að viðkomandi, áfallateymi skólans og hjúkrunarfræðingur hafa umsjón með því.
10. Enginn hefur heimild til að fara aftur inn í skólann nema í samráði við Skólameistara/slökkvilið.